

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Suðurgata 115.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, þann 23. janúar 2018 breytingu á deiliskipulagi Akratorgs vegna Suðurgötu 115. Í breytingunni felst að stækka bílskúr um tvo metra inn á lóðina. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Kalmansvellir 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, þann 23. janúar 2018 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Kalmansvalla 6. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðvesturs. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akranesi, 29. janúar 2018.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 13. febrúar 2018